




SUÐURBÆR ÞÓRSHAFNAR

Deiliskipulag - skipulagslýsing



VIÐFANGSEFNI

Skipulagslýsing þessi er unnin á Teiknistofu Norðurlands fyrir hönd sveitarfélagsins Langanesbyggðar. Lýsingin gerir grein fyrir fyrirhuguðu deiliskipulagi Suðurbæjar Þórshafnar og í henni koma fram áherslur sveitarstjórnar, upplýsingar um forsendur og fyrirhugað skipulagsferli í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Með kynningu skipulagslýsingar gefst hagsmunaaðilum og íbúum kostur á að leggja fram ábendingar og sjónarmið við upphaf skipulagsvinnu.

Skipulagssvæðið er 29,2 hektarar í Suðurbæ Þórshafnar. Norðurmörk liggja við mörk deiliskipulags miðsvæðis við Fjarðarveg á Þórshöfn og deiliskipulag kirkjugarðs Þórshafnarkirkju. Skipulagsmörk til austur og suðurs fylgja þéttbýlismörkum í Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 og miða vesturmörk við strandlínu. Staðhættir einkennast af fjöru og móa en skipulagssvæðið nær allt að 20 m.y.s. Þaðan er mikið útsýni yfir Þórshöfn og Þistilfjörð. Skipulagssvæðið er skilgreint á landnotkunarreitum fyrir íbúðarsvæði og hafnarsvæði og er að hluta á opnu svæði til sérstakra nota. Þar er nú íbúðarbyggð við Fjarðarveg og Sunnuveg og aðkoma að syðri hafnargarði hafnarsvæðisins á Þórshöfn. Norðausturvegur er að hluta innan skipulagssvæðis en í aðalskipulagi er gert ráð fyrir breyttri legu vegarins og nýrri safngötu í gegnum svæðið.

Tilgangur skipulagsins er að setja fram skilmála um framtíðaruppbyggingu á svæðinu. Viðfangsefni deiliskipulagsins verða meðal annars:


- Skilgreining á lóðamörkum og byggingarreitum
- Nýjar íbúðarlóðir og þjónustulóðir
- Dvalarsvæði, göngu- og hjólastigar og útivistarstigar um svæðið
- Bílastæði og dvalarsvæði við hafnargarðinn
- Göngustígur út hafnargarðinn
- Ný vegamót Norðausturvegar

ÁHRIFAMAT

Í deiliskipulaginu verða ekki skilgreindar heimildir sem falla undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Lagt verður mat á áhrif skipulagsins á umhverfið í samræmi við 5.4. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Í skipulaginu verður sett fram húsaskráning fyrir svæðið sbr. 16. gr. laga um menningarminjar og 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fornleifaskráning var unnin 2003-2004 innan þéttbýlis Þórshafnar en enginn minjastaður var skráður innan skipulagssvæðisins. Fornleifastofnun Íslands ses vann fornleifaskráningu 2019 vegna breytinga á Norðausturvegi yfir Brekkaheiði. Tíu minjastaðir eru skráðir innan skipulagssvæðisins og 11 í um 300 m radíus frá austurmörkum þess. Ef áður óþekktar minjar finnast á svæðinu er vísað til 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Afmörkun skipulagssvæðis 29,2 ha

ÍSNET93 kortagrunnur Langanesbyggðar
Lofmynd: Lofmyndir ehf



Aðalskipulag Langanesbyggð 2007-2027 (m.s.br.)
Þéttbýlisuppráttur 1:10.000

SKIPULAGSFERILL

Skipulagslýsing þessi verður auglýst með dreifibréfi, hún verður aðgengileg á skrifstofu sveitarfélagsins og heimasíðu þess www.langanesbyggd.is. Kynningartími skipulagslýsingar og skilafrestur ábendinga mun koma fram í auglýsingu. Leitað verður umsagna til samráðsaðila og lögbundinna umsagnaraðila.

Óskað er eftir ábendingum um efni skipulagslýsingarinnar og fyrirhugað deiliskipulag frá almenningi, hagsmuna- og umsagnaraðilum. Ábendingar skulu vera skriflegar og merktar „*Suðurbær Þórshafnar - skipulagslýsing*“ og skal nafn sendanda, kennitala og heimilisfang koma fram. Þær skal senda á:

Langanesbyggð
Langanesvegur 2, 680 Þórshöfn
eða á netfangið skipulag@langanesbyggd.is

Í framhaldi verður unnin deiliskipulagstillaga sem kynnt verður á íbúafundi eða á annan fullnægjandi hátt. Þá verður fullnunnin tillaga auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga með sex vikna athugasemdafresti. Skipulagsnefnd mun yfirfara þær athugasemdir sem kunna að berast að fresti loknum. Gefi þær tilefni til meiriháttar breytinga á tillögunni skal auglýsa hana að nýju annars gengur skipulags- og umhverfisnefnd frá tillögunni til afgreiðslu hjá sveitarstjórn. Skipulagsstofnun fær þá samþykktu tillögu senda til yfirferðar og að því loknu birtir sveitarstjórn auglýsingu um samþykkt og gildistöku deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

Áætluð tímalína skipulagsferlis:

- Lýsing auglýst, febrúar 2022, a.m.k. 3 vikna athugasemdafrestur.
- Drög að deiliskipulagi kynnt á íbúafundi eða á annan fullnægjandi hátt, mars/apríl 2022.
- Tillaga auglýst í apríl 2022, 6 vikna athugasemdafrestur.
- Stefnt að gildistöku skipulagsins sumar 2022.



Teiknistofa Norðurlands
Glerárgata 32 600 Akureyri
Heimasíða: tsnl.is



LANGANESBYGGÐ

SUÐURBÆR ÞÓRSHAFNAR

Deiliskipulag

Skipulagslýsing

KVARDI A1 1:2000

DAGS. 23. nóvember 2021

SKIPULAG: ABÓ, AKG
TEIKNAD: AKG

VERKNR. DH2101

TEIKN nr. 1

Br. 28. janúar 2022